

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2025

2025/EES/38/20

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2197 frá 4. september 2024 um að samþykkja ekki duft úr eggjaskurn sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (¹).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13ZZZZZZZZZZZZV (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1217) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„13ZZZZZZZZZZZZW. **32024 R 2197**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2197 frá 4. september 2024 um að samþykkja ekki duft úr eggjaskurn sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L, 2024/2197, 5.9.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2197, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/2197, 5.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2197/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.